

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, miðvikudaginn 18. október 2006, kl. 12:00 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson, Sólveig Anna Bóasdóttir og Salvör Nordal, forstöðumaður.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fjármál og staða stofnunarinnar*
 - 1) Nýr samningur við Þjóðkirkjuna hefur verið undirritaður. Samkvæmt honum fær stofnunin 600 þúsund í framlag á ári og 250 þúsund þeirrar upphæðar í formi úttektar við Skálholtsskóla.
 - 2) Rætt um fyrirhugaðan samning við heimspekiskor vegna kennslu forstöðumanns við skorina.
 - 3) Forstöðumaður sagði stuttlega frá 6 vikna námsleyfi sínu s.l. sumar.
 - 4) Forstöðumaður gerði stuttlega grein fyrir fjármálum stofnunarinnar. Ljóst er að ef ekki koma fram auknar fjárveitingar á næsta ári frá Háskólanum verður stofnunin verulega að draga saman seglin. Forstöðumaður og formaður stjórnar gengu á fund rektors og ræddu stöðu stofnunarinnar og fjármál hennar, þar sem einnig voru þeir Þórður Kristinsson og Halldór Jónsson. Á fundinum kom fram velvilji rektors í garð stofnunarinnar. Ljóst er að stjórn Siðfræðistofnunar þarf að ræða stjórnskipulega stöðu stofnunarinnar og hvort við hæfi væri að Siðfræðistofnun sækti fjármagn til fyrirtækja. Var það samdóma álit stjórnarmanna að slíkt væri ekki við hæfi og jafnframt var látnar í ljós efasemdir um ágæti þess að stofnunin væri færð undir einhverja deilda háskólans.
3. *Rannsóknaverkefni*
 - 1) Sagt frá fyrirhuguðum fundi í Reykjavík um lyfjaerfðafræði í samstarfsneti Norfa/Nordforsk 11. nóvember n.k. Fundurinn er jafnframt sá síðasti þar sem styrkurinn rennur út um áramót.
 - 2) Áfangaskýrsla var skilað í október til Rannís vegna verkefnisins *Notkun gagnagrunna í heilbrigðisvísindum – siðferðileg álitamál*.
 - 3) Haldinn var fundur í Skálholti 29.-30. september um *Gildismat og velferð barna í neyslusamfélagi nútímans*. Áætlað er að halda næsta fund í Skálholti í mars á næsta ári.
4. *Fundir og málþing*
 - 1) Sagt frá málþingi um John Stuart Mill sem haldið var í Öskju 23. september. Fyrirhugað er að erindin komi út á bók.
 - 2) Áætlað er að stofnunin standi fyrir málstofu á Hugvísindapíngi um persónuvernd.
 - 3) Fjallað um hugmyndir að fyrirlestrum á vormisseri og spurningum hvort efna ætti til 1-3 fyrirlestra af lengra tagi, t.d. á föstudögum.

5. *Útgáfumál*
1) Næstu rit í ritröðinni *Siðfræði og samtími* eru í undirbúningi.
6. *Ýmis erindi*
1) Tannlæknafélag Íslands óskaði eftir því við Siðfræðistofnun að hún endurskoðaði siðareglur félagsins. Tillögur að breyttum siðareglum voru sendar félaginu í september.
2) Félagsvísindadeild óskaði eftir námskeiði um siðfræði rannsókna og fagmennsku fyrir doktorsnema í deildinni. Námskeiðið var haldið í síðari hluta september og byrjun október.
3) Róbert H. Haraldsson hefur óskað eftir styrk v. útgáfu bókar sinnar *Frjálsir andar* sem var hluti af Náttúruverkefninu. Beiðnin samþykkt.
4) Leitað hefur verið eftir því við Siðfræðistofnun að hún standi fyrir fundi um störf siðanefndar. Beiðninni hefur verið vel tekið en ekki ákveðið hvernig staðið verði að slíkum fundi.

Fundi slitið 13:55

S.N.